


VESTMANNAEYJAR

HÓTANIR OG OFBELDI Á VINNUSTAÐ

Samanburður 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019

Hjördís Sigursteinsdóttir

September 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
HÓTANIR Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	5
LÍKAMLEGT OFBELDI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	8
GERENDUR Í HÓTUNUM OG LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ	11
VITNI AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ	13
GERENDUR AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ	15
SAMANTEKT	17

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?.....	5
Mynd 2. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?.....	6
Mynd 3. Hótanir á núverandi vinnustað 2010-2019.....	7
Mynd 4. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?.....	8
Mynd 5. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?.....	9
Mynd 6. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað 2010-2019.	9
Mynd 7. Hver var gerandinn í hótununum?	11
Mynd 8. Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?	12
Mynd 9. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	13
Mynd 10. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?	14
Mynd 11. Hverjir hafa verið gerendur í hótununum sem þú varðst vitni að?	15
Mynd 12. Hverjir hafa verið gerendur í líkamlega ofbeldinu sem þú varðst vitni að?	16

INNANGUR

Í þessari skýrslu er hótanir og ofbeldi á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Skýrslunni er skipt upp í fimm hluta; (1) Hótanir á núverandi vinnustað, (2) Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað, (3) Gerendur í hótunum og líkamlegu ofbeldi á vinnustað, (4) Vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustað, (5) Gerendur í hótunum og líkamlegu ofbeldi á vinnustað sem viðkomandi varð vitni að og (6) Samantekt.

Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru hótanir og líkamlegt ofbeldi mælt með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oft en einu sinni.


Í fyrirlögninni 2019 voru hótanir og líkamlegt ofbeldi mælt með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“, (2) „Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

Í fyrirlögnunum 2015 og 2019 var jafnframt spurt hvort viðkomandi hafi orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Svarmöguleikar voru: (1) „Nei“, (2) „Já“. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu, kynbundna áreitinu, hótunum og/eða líkamlega ofbeldinu sem þú hefur orðið vitni að?“. Svarmöguleika voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

HÓTANIR Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ

Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Í fyrirlögnunum 2015 og 2019 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.




Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 5,0-8,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,3-6,1%.

Sjá má að hlutfall þeirra sem hefur orðið fyrir hótunum oftar en einu sinni er hærra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni nema í fyrirlögninni 2015 og ýmist lægra eða hærra þegar horft er til þeirra sem hafa orðið fyrir hótunum einu sinni á vinnustað á síðustu tveimur árum.


Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,6-4,8% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað mældist á bilinu 3,3-3,9%.



Mynd 2. Hefur þú orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögninni 2019 höfðu 3,6% orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað en ekki tilkynnt um málið.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að 4,6% höfðu orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað en ekki tilkynnt um málið. Í aðeins 0,6% tilvika var það þannig að hótun á núverandi vinnustað var tilkynnt og ekkert gert í málinu.




Mynd 3. Hótanir á núverandi vinnustað 2010-2019.

Niðurstöðurnar sýna að hótanir á núverandi vinnustað mældust á bilinu 3,6-14,3%, hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfall fyrir hótanir á vinnustað mældist lægri í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Hótanir á núverandi vinnustað mældust hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í fyrirlögnunum 2010 og 2015 en lægra í fyrirlögnunum 2011, 2013 og 2019.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að hótanir á vinnustað mældust á bilinu 6,3-8,7%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2019.

LÍKAMLEGT OFBELDI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011 og 2013 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2), Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Í fyrirlögnunum 2015 og 2019 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.



Mynd 4. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist 3,0% í fyrirlögninni 2013 en ekkert í hinum fyrirlögnunum og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,3-14,3%.


Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,9-4,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 2,3-2,6%.



Mynd 5. Hefur þú orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að enginn hafði orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að höfðu 4,2% orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað en ekki tilkynnt um málið. Í aðeins 0,4% tilvika var það þannig að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað var tilkynnt og ekkert gert í málinu.




Mynd 6. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað 2010-2019.

Niðurstöðurnar sýna að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,0-14,3%, hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2019 þegar enginn merkti við að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans nema 2015.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að líkamlegt ofbeldi á vinnustað mældist á bilinu 5,5-10,3%, hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2010.

GERENDUR Í HÓTUNUM OG LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í eineltinu á vinnustað. Spurt var: „Hver var gerandinn í hótununum?“ og „Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?“. Merkja mátti við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar/næsti yfirmaður, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 7. Hver var gerandinn í hótununum?

Sjá má að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi og stjórnendur hafi verið gerendur í hótunum á núverandi vinnustað.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótununum á núverandi vinnustað eða í um 56-70% tilvika.




Mynd 8. Hver var gerandinn í líkamlega ofbeldinu?

Sjá má að langalgengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í hótunum á núverandi vinnustað eða í um 72-82% tilvika.

VITNI AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið vitni að hótunum á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Spurt var: „Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, á mínum vinnustað, (3) já, á öðrum vinnustað hjá sveitarfélaginu.



Mynd 9. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að um 14% hafði orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 en um 4% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er hærra en meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2015 en lægra í fyrirlögninni 2019.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 8% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 en rúm 11% í fyrirlögninni 2019.




Mynd 10. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að um 6% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 og einnig 3% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni bæði í fyrirlögninni 2015 og í fyrirlögninni 2019.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 8% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 en rúm 11% í fyrirlögninni 2019.

GERENDUR AÐ HÓTUNUM OG/EÐA LÍKAMLEGU OFBELDI Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um gerendur í hótunum og/eða líkamlega ofbeldinu sem viðkomandi varð vitni að á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í hótunum og/eða líkamlega ofbeldinu sem þú hefur orðið vitni að. Svarmöguleika voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 11. Hverjir hafa verið gerendur í hótunum sem þú varðst vitni að?

Sjá má að algengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í hótunum á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að. Einnig má sjá að hlutfall stjórnanda sem geranda í hótunum á núverandi vinnustað meðal starfsfólksins var mun hærra í fyrirlögninni 2015 en meðal starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í hótunum á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.



Mynd 12. Hverjir hafa verið gerendur í líkamlega ofbeldinu sem þú varðst vitni að?

Sjá má að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi og stjórnendur hafi verið gerendur í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu eru hótanir og líkamlegt ofbeldi á vinnustað skoðað fyrir árin 2010, 2011, 2013, 2015 og 2019. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013, 16 annara sveitarfélaga árið 2015 og 12 annarra sveitarfélaga árið 2019. Fjallað var um hótanir og líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað, gerendur í hótununum og líkamlega ofbeldinu og hvort starfsfólk hafi orðið vitni að hótunum og/eða líkamlegu ofbeldi á vinnustaðnum og þá gerendur í hótununum og/eða líkamlega ofbeldinu.

Niðurstöðurnar sýna að hótanir á núverandi vinnustað mældust á bilinu 3,6-14,3%, hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfall fyrir hótanir á vinnustað mældist lægri í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Hótanir á núverandi vinnustað mældust hærri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í fyrirlögnunum 2010 og 2015 en lægra í fyrirlögnunum 2011, 2013 og 2019.

Niðurstöðurnar sýna að líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,0-14,3%, hæst í fyrirlögninni 2015 og lægst í fyrirlögninni 2019 þegar enginn merkti við að hafa orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi vinnustað. Líkamlegt ofbeldi á núverandi vinnustað mældist lægra meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans nema 2015.

Algengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi og stjórnendur hafi verið gerendur í hótunum á núverandi vinnustað. Langalgengast var að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandinn í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað.

Um 14% hafði orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir hótunum á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 en um 4% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er hærri en meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2015 en lægra í fyrirlögninni 2019.

Um 6% starfsfólksins hefur orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir líkamlegu ofbeldi á núverandi á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015 og einnig 3% í fyrirlögninni 2019. Einnig má sjá að hlutfallið er lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni bæði í fyrirlögninni 2015 og í fyrirlögninni 2019.

Algengast er að þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í hótunum á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að. Einnig má sjá að hlutfall stjórnanda sem geranda í hótunum á núverandi vinnustað meðal starfsfólksins var mun hærri í fyrirlögninni 2015 en meðal starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni. Þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi og stjórnendur voru gerendur í líkamlega ofbeldinu á núverandi vinnustað sem starfsfólk varð vitni að.